



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

## REGLUR

### um sölu á lausafé Vesturbyggðar

#### 1. gr.

Sala á lausafé í eigu Vesturbyggðar sem áætlað er að fari yfir 2 millj. kr. skal ávallt vera staðfest af hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

#### 2. gr.

Ef áætlað söluverðmæti er undir 500.000 kr. er forstöðumanni frjálst að selja lausafé í beinni sölu án þess að leita tilboða. Forstöðumanni ber þó að skila minnisblaði til sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs um áætlað verðmæti og á hverju það mat forstöðumanns byggir sem og upplýsingum um endanlega sölu. Skal það minnisblað skráð í málaskrákerfi Vesturbyggðar.

#### 3. gr.

Ef áætlað söluvermæti er frá 500.000 kr. upp að 2 millj. kr. skal ferill við sölu lausafjárins vera með eftirfarandi hætti:

- Forstöðumaður í samráði við sviðsstjóra síns sviðs ákveður lágmarksverð.
- Lausafé skal auglýst á heimasíðu Vesturbyggðar og deilt á samfélagsmiðlum. Þar skal ekki gefa upp lágmarksverð, heldur óska tilboða.
- Frestur til að skila tilboðum skal vera að hámarki 2 vikur hverju sinni.
- Hæsta tilboði skal ávallt tekið að því gefnu að það sé yfir lágmarksverði. Óheimilt er að víkja frá því að taka hæsta tilboði, nema veigamikil rök liggi fyrir og skal slíkt ávallt háð leyfi bæjarstjóra.
- Ef hæsta tilboð er ekki yfir lágmarksverði skal lausaféð auglýst einu sinni aftur.
- Ef ekkert tilboð fæst yfir lágmarksverði er forstöðumanni sem hefur umráð yfir lausafénu heimilt að selja eða ráðstafa því með öðrum hætti, svo sem nýta það í öðrum deildum innan Vesturbyggðar eða ákvarða nýtt lágmarksverð í samráði við sviðsstjóra/bæjarstjóra ef hið fyrra hefur reynst óraunhæft.


#### 4. gr.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að upplýsa sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs um sölu á lausafé og afhenda nauðsynleg gögn til að unnt sé að færa viðkomandi lausafé út úr bókhaldi sveitarfélagsins.

#### 5. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á 356. fundi bæjarstjórnar þann 20. janúar 2021 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 26. janúar 2021

  
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

